



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Nefndasvið Alþingis

Frumvarp fjármálaráðherra

um kílómetragjald á ökutæki

Reykjavík 19. Mars 2025

Athygli vekur að í frumvarpi fjármálaráðherra um kílómetragjald á ökutæki er hvergi að finna markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum. Ekki er heldur að finna skýringar á hvernig frumvarpið skuli tryggja að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum.

Fram kemur að „Sá mikli árangur sem náðst hefur af aðgerðum stjórnvalda í orkuskiptum í samgöngum með fjölgun vistvænna og sparneytinna bifreiða hér á landi hefur leitt til þess að skatttekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti hafa rýrnað umtalsvert.”

Það má rétt vera rétt en **alls óvíst er um að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.**¹

Allt frá árinu 2015 hafa stjórnvöld lagt upp með að samdráttur í losun frá vegasamgöngum skuli vega þungt í loftslagsaðgerðum Íslands enda nemur losun frá þeim geira um 33 prósentum af samfélagslosun Íslands,² sem liggur til grundvallar skuldbindingum Íslands um samdrátt í losun frá heimilum, þjónustu, samgöngum, landbúnaði, sjávarútvegi, smáiðnaði og úrgangi og fellur undir samevrópskt kerfi um skiptingu ábyrgðar (effort sharing). [Sjá Himinn og haf.is](#).

Ljóst er að kolefnisgjald getur ráðið miklu um hvort árangur næst við samdrátt í losun frá vegasamgöngum en ekkert segir í frumvarpinu um hvernig viðunandi árangri skuli náð. Svo virðist sem ný ríkisstjórn hafi ekki skýr markmið um samdrátt í losun.

¹ Climate Progress Report 2024, ESA, EFTA Surveillance Authority.

The report's preliminary assessment shows that Iceland is likely to remain just within its current targets, while Norway faces a significant gap towards its current targets. Based on the findings, the report strongly encourages Norway to consider additional measures to reduce emissions. Iceland is also encouraged to consider additional measures, given its small margin to stay within the current targets. <https://www.eftasurv.int/newsroom/updates/esa-encourages-norway-and-iceland-strengthen-emission-reduction-efforts> (lesið 19. mars 2025).

² Sjá um sóknaráætlun í loftslagsmálum, http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Soknaraaetlun---Vidauki.pdf (lesið 19. mars 2025).

Í þingsályktunum orkuskipti, samþykkt á Alþingi 31. maí 2017 segir:

C.6

Svið: Land, haf og loft.

Lýsing Reiknað verði út hvaða áhrif aðgerðaáætlun um orkuskipti hafi á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda með tilliti til skuldbindinga Íslands í loftslagsmálum, sbr. samning milli Íslands og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess um þátttöku Íslands í sameiginlegum efndum á skuldbindingum Íslands, Evrópusambandsins og aðildarríkja þess á öðru skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og sambærilegan samning við Evrópusambandið og aðildarríki þess vegna Parísarsamkomulags Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem nú er unnið að.


Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun.³

Ekki er kunnugt um að þessir útreikningar liggi fyrir; að umhverfis- og auðlindaráðherra og síðar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hafi tekið þá ábyrgð sem honum var falin með samþykkt þingsályktunar Alþingis 31. maí 2017.

Nauðsynlegt er að fjármálaráðherra geri grein fyrir hvornig framvarp um kílómetragjald skuli stuðla að samdrætti í losun ghl.

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands.



Árni Finnsson.

³ <https://www.althingi.is/altxt/146/s/1002.html> (lesið 19. mars 2025)